

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1576/2007

2011/EES/5/38

frá 21. desember 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 92/2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar aðferðir við förgun eða notkun á aukaafurðum úr dýrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾, einkum 4. gr. (e-liður 2. mgr.) 5. gr. (g-liður 2. mgr.) og 6. gr. (i-liður 2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 92/2005 frá 19. janúar 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar aðferðir við förgun eða notkun á aukaafurðum úr dýrum og um breytingu á VI. viðauka við hana að því er varðar umbreytingu lífgass og vinnslu bræddrar fitu ⁽²⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir tiltekna staðgöngu-aðferðir við förgun eða notkun aukaafurða úr dýrum (staðgönguaðferðir).
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 92/2005 var m.a. gerð krafa um merkingu á tilteknu efni sem verður til við notkun staðgönguaðferða og leyfileg endanleg notkun á slíku efni ákvörðuð. Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 ⁽³⁾, er mælt fyrir um samræmdar reglur um merkingu aukaafurða úr dýrum sem stuðla að rétttri sanngreiningu aukaafurðanna og bæta rekjanleika þeirra. Því ber að breyta tilvísun í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/4 í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 92/2005 til samræmis við það.
- 3) Á grundvelli álits vísindanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu varðandi „framleiðsluferli fyrir lífdísilolíu sem aðferð við örugga förgun aukaafurða úr dýrum í 1. flokki“, sem var samþykkt 2. júní 2004 ⁽⁴⁾, er rétt að leyfa frekari,

endanlega notkun efnis í 1., 2. og 3. flokki í samræmi við almennu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Einnig skal leyfa brennslu lífdísilolíu, sem er framleidd í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 92/2005, í kyrrstæðum eða færanlegum vélum.

- 4) Urðun efnis, sem verður til við vinnslu á efni í 1. flokki, á stöðum sem leyfi hefur verið gefið út fyrir í samræmi við tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ⁽⁵⁾, skal nú heimil.
- 5) Í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 92/2005 er mælt fyrir um sérstakar eftirlitsráðstafanir sem skulu gerðar fyrstu tvö árin sem tiltekna staðgönguaðferðir eru notaðar í tilteknu aðildarríki. Að því er varðar kröfur í tengslum við þessar eftirlitsráðstafanir skal taka tillit til reynslu af hagnýtri beitingu á ferli sem er þróað í öðru aðildarríki og laga þær að markmiðinu til að tryggja að lýðheilsa og heilbrigði dýra fái öflugan vernd. Skilyrðin fyrir tilnefningu og eftirliti með tilraunaverksmiðju vegna fyrstu notkunar á staðgönguaðferð í hverju aðildarríki sem á í hlut skulu því einfölduð.
- 6) Þær prófanir sem þarf að framkvæma á byrjunarstigi þegar staðgönguaðferð er beitt skulu byggjast á þeim prófunum sem viðeigandi vísindastofnanir framkvæmdu við mat á viðkomandi staðgönguaðferð.
- 7) Önnur aðildarríki skulu fá aðgang að niðurstöðum úr viðbótareftirliti í tilteknu aðildarríki til að meta nýjar umsóknir um notkun einnar af þessum staðgönguaðferðum á yfirráðasvæði hvers um sig. Veita skal upplýsingar til tengiliða um staðgönguaðferðir sem eru tilgreindar í skránni sem framkvæmdastjórnin birtir á rafrænu formi.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 92/2005 til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, 10.6.2010, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 829/2007 (Stjtið. ESB L 191, 21.7.2007, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 27, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1678/2006 (Stjtið. ESB L 314, 15.11.2006, bls. 4).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13.

⁽⁴⁾ Spurning Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) nr. -Q-2004-028.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

d) nota til að framleiða tæknilegar vörur, ef um er að ræða efni annað en lífdísilólú sem fellur til við framleiðsluferli fyrir lífdísilólú eins og það er skilgreint í IV. viðauka, eða

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 92/2005 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Efni sem kemur úr vinnslu á efni í 1. og 2. flokki, að undanskilinni lífdísilólú sem er framleidd í samræmi við IV. viðauka, skal merkt varanlega í samræmi við 10. til 13. lið I. kafla VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

2. Efni, sem fellur til við meðhöndlun á efni í 1. flokki, skal farga með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

- a) brennslu eða sambrennslu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2000/76/EB,
- b) urðun á urðunarstað sem leyfi hefur verið gefið út fyrir í samræmi við tilskipun ráðsins 1999/31/EB,
- c) frekari umbreytingu í lífgasstöð og förgun meltunarleifa, eins og kveðið er á um í a- eða b lið, eða
- d) brennslu sem eldsneyti ef um er að ræða lífdísilólú sem er framleidd í samræmi við IV. viðauka.

3. Efni, sem fellur til við meðhöndlun á efni í 2. eða 3. flokki, skal:

- a) farga eins og kveðið er á um í a- eða b-lið 2. mgr.,
- b) vinna enn frekar í fituafleiður til þeirrar notkunar sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, án þess að vinnsluaðferðir 1 til 5 séu notaðar áður,
- c) nota, umbreyta eða farga beint, eins og kveðið er á um í i., ii. og iii. lið c-liðar í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, án þess að vinnsluaðferð 1 sé notuð áður,

2. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Viðbótareftirlit með fyrstu framkvæmd

1. Eftirfarandi ákvæði gilda fyrstu tvö árin sem eftirfarandi vinnsluferli eru notuð, að því er varðar meðhöndlun efnis úr 1. flokki:

- a) basískt vatnsrof eins og það er skilgreint í I. viðauka,
- b) lífgasframleiðsla með vatnsrofi undir háþrýstingi eins og það er skilgreint í III. viðauka,
- c) framleiðsluferli fyrir lífdísilólú eins og það er skilgreint í IV. viðauka.

2. Stjórnandi eða sá aðili sem annast vinnsluferlið skal tilnefna stöð í a.m.k. einu aðildarríki þar sem prófanir skulu fara fram a.m.k. árlega til að endurstaðfesta skilvirkni vinnsluferlisins að því er varðar heilbrigði dýra og lýðheilsu.

3. Lögbært yfirvald aðildarríkisins sem um getur í 2. mgr. skal sjá til þess:

- a) að í stöðinni séu gerðar viðeigandi prófanir á því efni sem fellur til við hvert stig meðhöndlunar, s.s. fljótandi og fastar leifar, og á öllum lofttegundum sem myndast við vinnsluferlið,
- b) að opinbert eftirlit með stöðinni feli í sér skoðun á stöðinni einu sinni í mánuði og sannprófun á þeim vinnslubreytum og skilyrðum sem beitt er og
- c) að önnur aðildarríki fái aðgang að niðurstöðum opinbers eftirlits sem farið hefur fram.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.
